

## REGLUR

### um nafnastimpla samkvæmt lögum um vörur unnar úr eðalmálmum.

Hinn 1. júlí 2002 öðlast gildi lög nr. 77/2002 um vörur unnar úr eðalmálmum. Með hliðsjón af því tilkynnist hér með að stimplar þeir sem gullsmiðir hafa notað til auðkenningar á vörum sínum teljast viðurkenndir nafnastimplar, skv. 2. gr. laga nr. 77/2002, til 1. janúar 2003.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 77/2002, öðlast gildi 1. júlí 2002.

*Löggildingarstofu, 28. júní 2002.*

**Gylfi Gautur Pétursson.**

---

*Pórunn Erhardsdóttir.*